



HVERAGERÐISBÆR

Minnisblað

Hveragerði 12 desember 2019

Varðar: akstursþjónustu eldri borgara

Undirrituð hefur kynnt sér verðskrá hjá sveitarfélögum víðsvegar um landið hvað varðar akstursþjónustu fyrir eldri borgara. Gjald fyrir akstursþjónustu hefur aðeins verið hækkuð um 100 kr.- á sl. 11 árum og þarf því að endurskoða.

Upplýsingar varðandi akstursþjónustu frá árinu 2008:

Hveragerðisbær tekur upp akstursþjónustu fyrir eldri borgara frá og með janúar 2008. Þjónustan er hugsuð fyrst og fremst fyrir þá sem hafa ekki aðgang að einkabíl. Miðað er við akstur vegna heilbrigðisþjónustu, í apótek til lyfjakaupa og til þess að sækja félagsstarf eldri borgara (sjá nánar í reglunum). Bifreiðastöð Hveragerðis sér um aksturinn. Til þess að panta akstur er hringt í síma 483-4200. Akstursþjónustan er niðurgreidd af Hveragerðisbæ en notendur greiða 300 kr. fyrir hverja staka ferð. Hingað til hefur ekki verið um þessa þjónustu að ræða af hálfu Hveragerðisbæjar, heldur hefur verið komið til móts við þá sem hafa þurft á akstri að halda með ýmsum leiðum. Með tilkomu akstursþjónustunnar þykir rétt að benda á að slikir samningar falla niður.

Undirrituð leggur til að breytingar verði gerðar á reglum og gjaldskrá akstursþjónustu:

1. Akstursþjónustan miðast við ferðir vegna heilbrigðisþjónustu, ferða í apótek til lyfjakaupa, verslunarferð í Bónus einu sinni í viku og til að sækja félagsstarf eldri borgara innan marka Hveragerðisbæjar (sjá frekari upplýsingar í reglugerð).
2. Að gjald verði 500 kr.- innan Hveragerðisbæjar og 1100 kr.- á Selfoss.
3. Lagt er til að reglur og fyrirkomulag verði endurskoðað að nýju árið 2021.

Virðingarfyllst,

Rannveig Reynisdóttir
Forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Hveragerði

1. gr.

Markmið með akstursþjónustu

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera þeim kleift að fara ferða sinna á þann hátt sem þeir kjósa og á þeim tíma sem þeir velja gegn viðráðanlegu gjaldi. Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

2. gr.

Réttur til þjónustu

Akstursþjónustan er ætluð íbúum sem eiga lögheimili í Hveragerði, eru 67 ára og eldri og búa utan stofnana. Eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til lengri tíma á sjúkrahúsi, í dvalarrými eða á hjúkrunarheimilum, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum sbr. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 45/2016 um dagdvöl aldraðra. Þjónustan er jafnframt ætluð þeim sem hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum. Um akstursþjónustu eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnnum bifreiðum fer samkvæmt reglum um ferðaþjónustu fatlaðra.

3. gr.

Umsókn um akstursþjónustu

Umsókn um akstursþjónustu skal berast til forstöðumanns stuðningsþjónustu og málefna aldraðra í Hveragerði á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsókn skal metin svo fljótt sem auðið er. Umsóknin er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Sé umsókn samþykkt fær umsækjandi afhent notendakort sem ber að framvísa við akstur.

6. gr.

Málsmeðferð

Forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra tekur ákvörðun samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Hveragerðis. Sé umsókn um þjónustu hafnað eða ágreiningur er um túlkun reglna þessara, skal málið afgreitt skriflega og notanda kynntur réttur til að vísa málinu til Skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Kærufrestur til nefndarinnar er fjórar vikur frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun forstöðumanns.

Ákvörðun Skólaþjónustu- og velferðarnefndar skal kynnt viðkomandi skriflega og þar skal um leið kynna rétt viðkomandi til málsskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 17. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

7.gr

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.